

Fundargerð 56. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2020, miðvikudaginn 11. mars kl. 13:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar í Virkisbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gauti Jóhannesson, Baldur Smári Einarsson, Rebekka Hilmarsdóttir, Fannar Jónasson og Liv Aase Skarstad.

Að auki sat fundinn: Valgerður Freyja Ágústsdóttir sem ritaði fundargerð.

Baldur Smári Einarsson og Rebekka Hilmarsdóttir tóku þátt í gegnum fjarfundabúnað.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Áhrif loðnubrests á sveitarfélög - 1907003SU

Formaður greinir frá samtali við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um loðnuleit.

Formaður greindi frá fundi sem hann átti með sjávarútvegsráðherra þar sem farið var yfir þá grafalvarlegu stöðu sem upp er komin í kjölfar þess að loðnubrestur hefur orðið annað árið í röð.

Stjórn samtakanna áréttar áhyggjur sínar af ástandinu og þeim áhrifum sem það hefur á þau sveitarfélög sem um ræðir og ítrekar þá kröfu sína að sjávarútvegssveitarfélög fái hlutdeild í tekjum af auðlindanýtingu í sjávarútvegi til þess að geta tekist á við þær sveiflur sem eru óumflýjanlegar í rekstri sem byggir á nýtingu auðlindarinnar og til að byggja upp fjölbreyttara atvinnulíf. Það á ekki síst við um sveitarfélög sem byggja á uppsjávarveiðum og vinnslu, þar sem óvissa er enn meiri en á við um veiðar og vinnslu á bolfiski.

2. Starfshópur vegna aflaheimilda á forræði ríkisins - 1905002SU

Niðurstöður starfshóps vegna aflaheimilda á forræði ríkisins kynntar.

Farið yfir sameiginlega umsögn samtakanna með Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

3. Samningur um skrifstofuþjónustu við Samband íslenskra sveitarfélaga - 2001001SU

Drög að samstarfssamningi sambandins og samtaka sjávarútvegssveitarfélaga kynnt.

Drög að samstarfssamningi kynnt. Formanni og starfsmanni falið að bæta við uppsagnar- og/eða riftunarákvæði og ganga svo frá samningi við Samband íslenskra sveitarfélaga.

4. Samtök sjávarútvegssveitarfélaga - aðalfundur 2020 - 2002001SU

Undirbúningur fyrir aðalfund samtakanna, sem halda skal árið 2020.

Ákvörðun tekin um að halda aðalfund samtakanna miðvikudaginn 30. september nk. Starfsmanni falið að sinna undirbúningi vegna hans.

Baldur Smári Einarsson vísar af fundi.

5. Gjaldtaka í höfnum vegna fiskeldis - 2002002SU

Formaður greinir frá fundi með Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi og Hafnasambandi Íslands um samræmd viðmið um gjalddöku í höfnum vegna fiskeldis.

Lögð fram drög að samræmdum viðmiðum.

Lögð fram samræmd viðmið um gjalddöku í höfnum. Formanni og starfsmanni falið að kynna þau í samráði við Hafnasamband Íslands fyrir Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi.

Fundi var slitið kl. 13:40

Gauti Jóhannesson

Baldur Smári Einarsson

Rebekka Hilmarsdóttir

Fannar Jónasson

Liv Aase Skarstad